

Knattspyrnudeild ÍBV

Ársreikningur

2018

Knattspyrnudeild ÍBV
Týsheimilinu
900 Vestmannaeyjar
kt. 680197-2029

Knattspyrnudeild ÍBV

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar ÍBV fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi Knattspyrnudeildar ÍBV er rekstur meistara og 2.flokks karla í knattspyrnu.

Tap Knattspyrnudeildar ÍBV á árinu 2018 nam kr. 9.644.348. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 63.226.086 bókfært eigið fé í árslok er kr. 23.172.846 og er eiginfjárlutfall félagsins 38%.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar ÍBV að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar ÍBV staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 20. mars 2019.

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar ÍBV.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeild ÍBV fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnudeild ÍBV í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar ÍBV. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Vestmannaeyjum 20. mars 2019.

Hafsteinn Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.:	Árið 2018	Árið 2017
Rekstrartekjur:			
	1		
Miðasala		14.618.209	11.008.440
Styrkir og auglýsingar.....		52.066.024	55.451.907
Útsendingaréttur.....		10.820.651	10.535.416
Aðrar rekstrartekjur		75.440.411	61.322.629
		<u>152.945.295</u>	<u>138.318.392</u>
Rekstrargjöld:			
	2		
Vörunotkun		4.146.583	5.631.317
Laun og tengd gjöld		79.675.664	72.221.926
Rekstur mannvirkja og valla		419.985	996.379
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		11.561.715	13.976.388
Annar rekstrarkostnaður		66.829.949	40.046.759
		<u>162.633.896</u>	<u>132.872.769</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(9.688.601)	5.445.623
Fjármagnskostnaður:			
Vaxtatekjur		44.253	44.279
Vaxtagjöld		0	(178.680)
		<u>44.253</u>	<u>(134.401)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(9.644.348)</u></u>	<u><u>5.311.222</u></u>

Efnahagsreikningur 31 desember 2018

	Skýr.:	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Óefnislegar eignir			
Verðgildi leikmanna.....		4.700.000	4.700.000
		<u>4.700.000</u>	<u>4.700.000</u>
Fastafjármunir:			
Eignir knattspyrnudeild		58.526.086	58.526.086
Varanlegir rekstrarfjármunir alls		<u>58.526.086</u>	<u>58.526.086</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptamenn		0	300.000
Veltufjármunir alls		<u>0</u>	<u>300.000</u>
	Eignir alls	<u>63.226.086</u>	<u>63.526.086</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Endurmatsreikningur leikmanna		1.050.000	1.050.000
Óráðstafað eigið fé	3	22.122.846	20.997.057
Eigið fé alls		<u>23.172.846</u>	<u>22.047.057</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við aðalstjórn.....		40.053.240	41.479.029
Skammtímaskuldir alls		<u>40.053.240</u>	<u>41.479.029</u>
	Skuldir alls	<u>40.053.240</u>	<u>41.479.029</u>
	Eigið fé og skuldir alls	<u>63.226.086</u>	<u>63.526.086</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	Árið 2018	Árið 2017
Handbært fé frá rekstri			
Hagnaður (tap) ársins		(9.644.348)	5.311.222
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Innborgaðar vaxtatekjur		44.253	44.279
Verðbætur og gengismunur af útlánum		0	(178.680)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		(9.600.095)	5.176.821
Breyting á rekstrartengdun eignum og skuldum			
Aðrar eignir, (hækkun) lækkun		0	0
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		9.600.095	(882.472)
Handbært fé frá (til) rekstri		0	4.294.349
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána.....		0	(4.294.349)
Fjármögnunarhreyfingar		0	(4.294.349)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		0	0
Handbært fé 1.1.		0	0
Handbært fé 31.12.		0	0

Skýringar

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar ÍBV fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

1. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færast á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárliða.

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á herra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjaldfært á söluári.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	44.253	44.279
Samtals	44.253	44.279

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....		-178.680
Samtals	0	-178.680

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2018	2017
Laun.....	48.788.714	45.304.973
Lífeyrissjóður.....	5.519.215	4.366.824
Önnur launatengd gjöld.....	4.244.470	3.795.905
Annar starfsmannakostnaður.....	21.123.265	18.754.224
Samtals	79.675.664	72.221.926

4. Leikmenn

	2018	2017
Bókfært verðleikmanna í ársbyrjun.....	4.700.000	5.750.000
Eignfærðir leikmenn á árinu.....		
Seldir og aflagðir leikmenn á árinu.....		
Afskrifað á árinu.....		
Matsbreytingar.....		-1.050.000
Bókfært verð leikmanna í árslok	4.700.000	4.700.000

5. Viðskiptakröfur

	Núverandi ár	Fyrri ár
Innlendar viðskiptakröfur.....		300.000
Samtals	0	300.000

12. Eigið fé

	Endurmatsr eikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	1.050.000	15.685.835	16.735.835
Endurmat leikmanna	0		0
Hagnaður/(tap) ársins		5.311.222	5.311.222
Eigið fé 1.1.2018	1.050.000	20.997.057	22.047.057
Endurmat leikmanna			0
Aðrar breytingar		10.770.137	10.770.137
Hagnaður/(tap) ársins		(9.644.348)	(9.644.348)
Eigið fé 31.12.2018	1.050.000	22.122.846	23.172.846

17. Viðskipti við tengda aðila (hluthafa, eigendur, tengd fyrirtæki, stjórn, stjórnarmenn)

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2018:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
ÍBV íþróttafélag	0	0	0	40.053.240
	0	0	0	40.053.240

Viðskipti við tengd félög árið 2017:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
ÍBV íþróttafélag	0	0	0	41.479.029
	0	0	0	41.479.029